

## Minnisblað

### Minnisblað um Elliðavatnsveg (410-02) frá Vífilsstaðavegi að Reykjanesbraut



#### 1. Stofnvegir

##### *Elliðavatnsvegur sem stofnvegur*

Þjóðvegir eru skilgreindir í 8. gr. vegalaga nr. 80/2007. Ákvæði a. liðar 2. mgr. um stofnvegi hljóðar svo:

*Til stofnvega teljast vegir sem tengja saman byggðir landsins. Við það vegakerfi sem þannig fæst skal tengja þéttbýlisstaði með um það bil 100 íbúa eða fleiri. Til stofnvega teljast einnig umferðarmestu vegir sem tengja saman sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu.*

Elliðavatnsvegur uppfyllir ekki það skilyrði að teljast með umferðarmestu vegum á höfuðborgarsvæðinu og getur því ekki talist stofnvegur á þeirri forsendu.

Í framtíðarsýn Vegagerðarinnar til ársins 2040 er lögð áhersla á að þeim möguleika sé haldið opnum að lagður verði vegur milli Garðabæjar og Hafnarfjarðar austan við núverandi byggð, s.k. ofanbyggðavegur, sem hefði það hlutverk að taka við umferð sem að óbreyttu færi um Reykjanesbraut. Með því mætti léttu umferð af núverandi stofnvegakerfi og bæta þannig tengingu milli sveitarfélaga.

Áform um Ofanbyggðaveg eru enn sem komið er óljós og ekki er samstaða á milli viðkomandi sveitarfélaga um þau áfom. Náist samkomulag um framtíðarlegu Ofanbyggðavegar og lega hans verður staðfest í skipulagsáætlunum viðkomandi sveitarfélaga kæmi til álita að Elliðavatnsvegi yrði haldið inni sem stofnvegi tímabundið þar til nýr Ofanbyggðavegur tæki við því hlutverki.

#### 2. Tengivegir

##### *Elliðavatnsvegur sem tengivegur*

Ákvæði b.-liðar 2. mgr. 8. gr. vegalaga nr. 80/2007 um tengivegi er svohljóðandi:

*Tengivegir eru vegir utan þéttbýlis sem liggja af stofnvegi á stofnveg eða af stofnvegi á tengiveg og eru a.m.k. [2 km]<sup>2</sup> langir, vegir sem tengja landsvegi við stofnvegi, vegir sem ná til þéttbýlisstaða með færri en 100 íbúa og tengja þá*

*við stofnvegakerfið, vegir að helstu flugvöllum og höfnum sem mikilvægar eru fyrir flutninga og ferðaþjónustu, og vegir að ferjuhöfnum ef þeir eru ekki stofnvegir, vegir að þjóðgördum og innan þeirra og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum utan þéttbýlis.*

Tengivegir eru samkvæmt framangreindu vegir utan þéttbýlis. Þeir þjóna því hlutverki í fyrsta lagi að miðla umferð á milli stofnvega, í öðru lagi að tengja við þjóðvegakerfið samgöngumannvirki sem mikilvæg teljast fyrir flutninga og ferðaþjónustu, í þriðja lagi vegi að og innan þjóðgarða og í fjórða lagi vegi að fjölsóttum ferðamannastöðum utan þéttbýlis. Elliðavatnsvegur telst ekki falla undir neina af ofangreindum skilgreiningum og getur því ekki talist til tengivega samkvæmt vegalögum.